



Kristilegar sumarþúðir Stofnaðar 1946

ÁSTJÖRN

Einstakar sumarþúðir á frábærum stað!

Upplýsingar og pantanir:

astjorn.is og í síma 462 3980

- 6-12 ára: 1. flokkur: 19.-29. júní (10 sólarhringar). Verð: 55.900 kr.
 – 2. flokkur: 3.-11. júlí (8 sólarhringar). Verð: 45.900 kr.
 – 3. flokkur: 15.-23. júlí (8 sólarhringar). Verð: 45.900 kr.
 – 4. flokkur: 27. júlí - 4. ágúst (8 sólarhringar). Verð: 45.900 kr.
 13-15 ára: 5. flokkur: 8.-15. ágúst (7 sólarhringar). Verð: 37.900 kr.

Allir flokkar blandaðir. Systkinaafsláttur.

Góður félagsskapur í fallegrri náttúru



FÆREYINGAR HEIMSÆKJA AUSTFIRÐI 2.-11. MAÍ 2015



Kæru frændur okkar, Íslendingar!

Færeyingar hafa heimsótt nágranna sína á skipinu Juvel II, og farið til Grænlands, Hjaltlands, Orkneyja og Suðureyja. Nú er kominn tími til að heimsækja nánustu frændur okkar, Íslendinga. Í þetta sinn komum við á færeyska kúttinum *Jóhönnu TG326*. Okkur langar að heimsækja sem flestar byggðir á Austfjörðum. Þið eruð öll innilega velkomin á viðburðina okkar, m.a. söng og tónlist, hvort sem þeir eru um borð eða í landi.

Með innilegri frændsystkinakveðju,
Áhöfnin um borð í færeysku skútunni Jóhönnu TG326.

Samband Austfirðinga og Færeyinga um langt árabíl

Snemma fóru Færeyingar að sækja vinnu á Íslandi. Á síðari hluta nítjándu aldar stunduðu margir þeirra fiskveiðar undan ströndum Íslands. Það má því segja að tengsl þeirra við frændþjóðina í vestri séu sterk.

Trúartraust

Það er sagt um þá Færeyinga, sem reru frá Íslandi, að þeir hafi alltaf haldið sunnudaginn heilagan. Þá var lesið og sungið. Annars hvíldu mennirnir sig eða gerðu að veiðarfærunum og bátunum á sunnudögum, ef það var nauðsynlegt.

Um Færeyinga, sem reru frá Vattarnesi, er sagt að þeir hafi – líkt og Íslendingar fóru með skipsbæn – sungið bænir til Guðs um varðveislu þegar þeir létu úr höfn og einnig þakkarsöng til Guðs þegar þeir komu að landi, „Nu flyr jeg til din náde“, „Lyksalig, lyksalig hver sjæl, som har fred. Dog ingen kender dagen før solen går ned ...“

Á árunum 1920–40 voru kristilegar samkomur haldnar um borð í flestum fiskiskipunum á sunnudögum. Trúin á Guð var mikilvægur þáttur í daglegu lífi fólksins, bæði á sjó og landi.

Boðskapurinn

Trúin á Guð er okkur enn mjög mikilvæg, einnig í okkar mjög svo tæknivædda nútímasamfélagi. Það er staðreynd, að þeir sem hafa sett traust sitt á Drottin Jesúm Krist fá styrk til að mæta alls kyns erfiðleikum, því að þótt lífið geti reynst mjög erfitt þá hefur sálin traust akkeri í trúnni og andlega lífið er grundvallað á fyrirheiti Guðs: „Ég mun alls ekki sleppa þér og alls ekki yfirgefa þig“. Þetta fyrirheit gaf styrk og hugrekki á erfiðum stundum.

Jesús kom í þennan heim til að frelsa okkur frá syndum okkar. Guð elskar okkur og sendi son sinn til að deyja á krossi á Golgata í okkar stað. Jesús var staðgengill okkar. Hann tók alla refsinguna, sem við áttum skilið, á sjálfan sig. Biblían segir: „Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf einkason sinn, til þess að hver, sem á hann trúir, glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ (Jóhannesarguðspjall 3:16)

Ábyrgðaraðilar: Jógvan Purkhús, gsm 8962033
og Árni Hilmarsson, tölvupóstur: astjorn@gmail.com

Dagskrá fyrir heimsókn Færeyinga á Austfjörðum 2.-11. maí

**Viðburðir og Færeyingakvöld með söng og tónlist
áhafnarinnar á Jóhönnu TG326 verður á eftirtöldum stöðum:**

Staður	Móttaka á bryggju. Boðið um borð	Samvera, söngur og tónlist
Höfn í Hornafirði: Laugardagur 2. maí Sunnudagur 3. maí	kl. 13	kl. 20 í Hafnarkirkju kl. 13 í Hvítasunnukirkjunni
Djúpivogur: Mánudagur 4. maí	kl. 13	kl. 16 í Tryggvabúð
Breiðdalsvík: Þriðjudagur 5. maí	kl. 13	kl. 20 í grunnskólanum
Stöðvarfjörður: Miðvikudagur 6. maí	kl. 13	kl. 20 í safnaðarheimilinu
Fáskrúðsfjörður: Fimmtudagur 7. maí	kl. 13	kl. 20 í Fáskrúðsfjarðarkirkju
Reyðarfjörður: Föstudagur 8. maí	kl. 13	kl. 20 í Reyðarfjarðarkirkju
Eskifjörður: Laugardagur 9. maí	kl. 13	kl. 20 í Eskifjarðarkirkju
Neskaupstaður: Sunnudagur 10. maí	kl. 13	kl. 20 í Norðfjarðarkirkju
Seyðisfjörður: Mánudagur 11. maí	kl. 13	kl. 20 í Seyðisfjarðarkirkju